

Háskóli Íslands  
Raunvísindadeild  
Líffræðiskor

5 eininga verkefni  
28. maí 1998

# Samskipti refa á grenjum á Hornströndum

Umsjónarmaður: Dr. Páll Hersteinsson

Nemandi: Ester Rut Unnsteinsdóttir

Efnisyfirlit.....	bls.
Inngangur .....	2
Útbreiðsla.....	2
Fæðuval.....	2
Vöxtur og stærð .....	3
Tímgun.....	3
Afrán.....	3
Litur á feldi .....	4
Lífshættir.....	4
Félagsatferli .....	4
Um rannsóknina.....	6
Aðferðir.....	7
Umhverfi.....	7
Rannsóknarsvæði og dýr.....	7
Öflun gagna.....	8
Óvæntir atburðir.....	9
Úrvinnsla.....	9
Lýsing á atferlisgerðum .....	10
Niðurstöður .....	12
Heimsóknir fullorðinna dýra á greni.....	12
Samskipti .....	14
Umræða.....	18
Lokaorð.....	21
Pakkir .....	21
Heimildir .....	22
Viðauki .....	24

## INNGANGUR

### Útbreiðsla

Tófan (*Alopex lagopus*) er hánorðæn tegund og nær útbreiðsla hennar umhverfis norðurheimskautið (Macpherson 1969; Garrott & Eberhardt 1987). Á Íslandi er tófan útbreidd um allt land og er refastofninn áætlaður um 3500 dýr að haustlagi. Í Skandinavíu er tófustofninn afar líttill og hafa refir verið friðaðir frá 1928 í Svíþjóð, 1930 í Noregi og 1938 í Finnlandi (Hersteinsson o.fl. 1989). Í Rússlandi, Kanada, Grænlandi og Alaska eru samtals veiddir rúmlega 100.000 refir árlega, mest í Rússlandi eða um 83.000 dýr. Allt eru þetta gildruveiðar en í Rússlandi voru refirnir fóðraðir í stórum stíl a.m.k. til ársins 1969 til að fá skinnin góð. Líklega er þetta ennþá stundað og hefur áhrif á afkomu og far refa þar (Garrott o.fl. 1984).

### Fæðuval

Helsta fæða tófunnar á Íslandi eru fuglar, egg, hryggleysingjar og krækiber. Refir éta einnig hræ af hreindýrum (*Rangifer tarandus*), selum, t.d. landsel (*Phoca vitulina*) og útsel (*Halichoerus grypus*) og einnig sauðfé (*Ovis aries*). Fæðuframboð hérlendis breytist tiltölulega lítið milli ára en er breytilegt eftir árstínum (Hersteinsson & Macdonald 1996). Stærð tófustofnsins á Íslandi hefur aukist á undanförnum áratugum (Hersteinsson o.fl. 1989) en er þó líklega enn ekki í hámarki, nema e.t.v. á Hornströndum (munnl. heimild Páll Hersteinsson) þar sem refir hafa verið friðaðir frá 1994 (lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum). Erlendis lifa refir einkum á smáum nagdýrum, svo sem læmingjum (*Lemmus spp.* & *Dicrostonyx spp.*). Stofnstærðir þessara nagdýra sveiflast reglulega og hefur það áhrif á stofnstærð, afkomu og tímgun refastofna þar (Vibe 1967; Macpherson 1969; Braestrup 1941; Haglund & Nilsson 1977; Garrott & Eberhardt 1987; Prestrud 1992; Angerbjörn o.fl. 1995). Á NA-Grænlandi er fæða refa einkum læmingjar en á V-Grænlandi þar sem engir læmingjar eru, er fæðan að mestu sjófuglar og annað sjávarfang (Braestrup 1941). Engin nagdýr er heldur að finna á Svalbarða, utan stúfmýs (*Microtus spp.*) sem eru að mestu bundnar við mannabústaði. Refir þá éta m.a. hreindýr og rjúpur (*Lagopus mutus*) inn til

landsins en svartfugla (*Alcidae*) og fyl (*Fulmarus glacialis*) á strandsvæðum (Prestrud 1992). Þetta virðist sambærilegt við fæðuval refa hérlandis, nema hvað hreindýr eru mikilvægari þar á veturna en fuglar eru mikilvægasta fæðan hérlandis (Hersteinsson & Macdonald 1996).

## Vöxtur og stærð

Á Íslandi eru refir stærri en á Svalbarða og Skandinavíu (Prestrud 1992) en færri refir eru illa á sig komnir að vetrarlagi hérlandis en á Svalbarða (munnl. heimild Páll Hersteinsson). Magn og gæði fæðu sem refir hafa aðgang að, hefur áhrif á vöxt þeirra (Prestrud 1992). Tófur sem hafa ótakmarkaðan aðgang að fæðu, geta náð hámarksstærð um  $\frac{1}{2}$  árs (Wakely & Mallory 1988). Kjálkamælingar á Íslandi (Hersteinsson 1984) og á Grænlandi (Vibe 1967) sýna að tófur geti vaxið áfram fyrsta árið og fram yfir næsta sumar, nái þær ekki fullri stærð á fyrsta vetri.

## Tímgun

Frjósemi (gotstærð) refa er lægri hér á landi og vanhöld á yrðingum minni en gengur og gerist annarsstaðar (munnl. heimild Páll Hersteinsson) nema e.t.v. á Svalbarða (Prestrud 1992). Á læmingjasvæðum NA-Grænlands eru læður frjósamari en við vesturströndina (Braestrup 1941). Frjósemi –getur tvö- til þrefaldast milli ára á læmingjasvæðum. Hinsvegar fresta sumar læður því að tímgast ef læmingjastofnar eru í lágmarki og því lítið um æti. Þrátt fyrir mikla frjósemi geta vanhöld yrðinga verið mikil sum árin á þessum svæðum, líklegast vegna fæðuskorts (Macpherson 1969; Haglund & Nilsson 1977; Eberhardt o.fl. 1983a í Garrott & Eberhardt 1987; Tannerfeldt o.fl. 1994).

## Afrán

Afrán á refum hérlandis er líklega eingöngu bundið við veiðar. Veiðar á tófunni hafa verið stundaðar frá upphafi byggðar (Hersteinsson 1984). Erlendis eru afraeningjar af ýmsu tagi, m.a. gullernir (*Aquila chrysaetos*) (Löfgren 1996) og rauðrefir (*Vulpes vulpes*) (Frafjord ofl. 1989, í Frafjord 1991), grænlenskir sleðahundar (Braestrup 1941) auk mannsins (Macperson 1969; Garrott & Eberhardt 1987). Lífslikur yrðinga fyrsta árið eru því lægri þar sem dýrin búa við mikla afránshættu til viðbótar við hungur og jafnvel sjúkdóma.

## Litur á feldi

Tvö megin litarafbrigði eru meðal refa, hvítt og mórauðt (Brastrup 1941; Macpherson; Garrott & Eberhardt 1987; Hersteinsson 1989). Refir af hvítu litarafbrigði eru nær alhvítir að vetri en tvílitir að sumri; ljósgráir á kvið og innanverðum fótum en grábrúnir að öðru leyti. Refir af mórauðu litarafbrigði eru dökkbrúnir allt árið, stundum með hvítt í höku, bringu og á tám. Hvítu litarafbrigðið erfist víkjandi en hið mórauða ríkjandi (Stefán Aðalsteinsson o.fl. 1987). Því geta mórauðir foreldrar eignast yrðlinga af hvítu litarafbrigði en séu báðir foreldrar hvítir, geta þau ekki átt mórauða yrðlinga saman. Liturinn hefur verið talinn endurspeglar búsvæði og fæðuval dýranna þar sem meirihluti refa sem búa á strandsvæðum eru mórauðir en þeir sem búa inn til landsins eru aðallega af hvítu litarafbrigðinu (Braestrup 1941; Vibe 1967; Macpherson 1969). Á Vestfjörðum eru yfir 80% refa af mórauða litarafbrigðinu en yfir 50% refa á miðhálendi Íslands eru af því hvítu (Hersteinsson 1989).

## Lífshættir

Refir eru oftast taldir einfaranar (Wakely & Mallory 1987). Fjölskyldan, þ.e. par og yrðlingar þeirra, virðist í flestum tilvikum eingöngu halda saman meðan á tímgun stendur (Garrott ofl. 1984; Hersteinsson 1984; Wakely & Mallory 1987). Fleiri en tvö fullorðin dýr á sama greni er þekkt fyrirbæri (Hersteinsson 1984; Frafjord 1991; White 1992; Kullberg & Angerbjörn 1992; Löfgren 1996). Líklegt er að um sé að ræða yrðlinga frá fyrra ári sem fá að vera áfram á heimasvæði foreldranna (Hersteinsson 1984). Flutningar fjölskyldunnar meðan yrðlingarnir eru enn ungar, eru algengt fyrirbæri. Einnig er algengt að fjölskyldan notist við fleiri en eitt greni samtímis (Macpherson 1969; Garrott & Eberhardt 1987; White 1992; Frafjord 1991).

Refir á grenjum eru helst virkir síðdegis og á næturnar (Garrott ofl. 1984) og mest á ferðinni í ljósaskiptunum síðdegis og í morgunsárið (Hersteinsson 1984).

## Félagsatferli

Refir eru einkvænisdýr og parið heldur saman á meðan bæði eru á lífi (munnl. heimild Páll Hersteinsson). Samskipti meðal fullorðinna dýra á

grenjum eru lítil, utan þess þegar steggir koma með fæðu á grenið meðan læðan er mjólkandi. Á þeim tíma er algengt að sjá læður sníkja mat af steggjum (Garrott o.fl. 1984; Frafjord 1991). Árásarhneigð af hálfu fullorðinna dýra í garð yrðlinga virðist eingöngu vera þegar foreldrar glefsa til yrðlinga, líklega til að halda þeim í ákveðinni fjarlægð (Frafjord 1991; Löfgren 1996). Hinsvegar hafa fundist dauðir yrðlingar á grenjum með áverka sem benda til þess að þeir hafi verið bitnir til bana af eldra dýri (Macpherson 1969; White 1992; Prestrud 1992). Áflog eru algeng meðal yrðlinga á grenjum og ná hámarki við 6-10 vikna aldur. Þau virðast þó ekki mjög harkaleg og ólíklegt að yrðlingar drepi hver annan í slagsmálum (Garrott o.fl. 1984; Frafjord 1991; Prestrud 1992; Löfgren 1996). Þó hefur verið sýnt fram á að yrðlingar sem búa við mikinn skort geta skaðað hvorn annan, jafnvel drepið (Macperson 1969; White 1992). Margt bendir til þess að yrðlingar sem hafa takmarkaðan aðgang að fæðu, leiki sér minna en þeir sem hafa næga fæðu (Frafjord 1992).

Togstreita getur myndast milli móður og afkvæma, þar sem kostnaður við að mjólka yrðlingum er hár og getur haft áhrif á getu hennar til að tímast að ári. Samkvæmt því atti móðirin að hafa yrðingana á spena í sem stystan tíma til að geta byggt sig upp fyrir næstu meðgöngu. Yrðingarnir ættu hinsvegar að sækjast eftir að vera sem lengst á spena. Pannig er líklegt að yrðingarnir krefjist meira af móðurinni en hún er tilbúin til að láta af hendi. Ef ástand móður er ekki of gott og yrðingarnir þroskast hægar en eðlilegt getur talist, atti hún að auka æxlunararárangur sinn með því að hafa þá lengur á spena (Bateson 1994).

Breytingar verða á atferli fjölskyldunnar eftir að yrðlingar eru hættir á spena. Þá minnka félagsleg samskipti meðal yrðinganna og þeir dreifast meira en áður (Garrott o.fl. 1984). Sé um að ræða einhverskonar virðingarröð meðal yrðlinga, er líklegt að staða yrðlings gagnvart öðrum yrðingum sé í réttu hlutfalli við þyngd, aldur og jafnvel kyn. Rannsóknir Wakely og Mallory (1988) á dýrum í haldi, benda þó til þess svo sé ekki. Hinsvegar hefur verið sýnt fram á að meðal fullorðinna dýra eru steggir ríkjandi yfir læðum og eldri dýr yfir þeim yngri (Garrott o.fl. 1984; Almquist o.fl. 1990; Kullberg & Angerbjörn 1992; Korhonen & Alastutari 1994). Staða í virðingarröð getur haft áhrif á aðgang að fæðu (Frafjord 1991) og þannig valdið því að munur á þyngd

yrðlinga á greninu aukist. Á hinn bóginн bendir margt til þess að virðingarröð geti myndast meðal yrðlinga sem eru hafðir saman í haldi, þrátt fyrir að þeir séu jafnir að þyngd og hafi jafnan aðgang að fæðu (Löfgren 1996). Virðingarröð meðal ungra yrðlinga virðist ekki vera stöðugt fyrirbæri og dæmi eru um að einstaklingar hækki eða lækki stöðu sína á mismunandi árstínum (Wakely & Mallory 1987).

### Um rannsóknina

Markmið þessarar rannsóknar var að lýsa samskiptum refa á greni á tímabilinu þegar yrðlingarnir eru mjög ungir og enn bundnir við grenið. Annarsvegar er um að ræða samskipti yrðlinga innbyrðis og hinsvegar milli yrðlinga og foreldra. Athugað var hvort og þá hvernig samskiptin breyttust er yrðlingarnir hættu á spena og urðu sjálfstæðari. Bornir voru saman tveir yrðlingahópar á svipuðum aldri og athugað hvort munur væri á milli þeirra með hlíðsjón af leikjatíðni og árásarhneigð. Ofangreind atriði voru skoðuð með tilliti til heimsókna, viðveru og fæðugjöfum foreldra annarsvegar og hinsvegar magni og gerð fæðunnar sem foreldrarnir komu með á grenin.

## AÐFERÐIR

### Umhverfi

Friðlandið á Hornströndum er svæðið norður af botni Furufjarðar í austri og Hrafnfjarðar í vestri en friðlýsingin gekk í gildi árið 1975. Hornstrandir hafa meira og minna verið í byggð frá landnámi en um hálf öld er frá því byggð lagðist alveg af á svæðinu. Hinsvegar er mikið um að fólk dveljist á svæðinu á sumrin, aðallega í Aðalvík og Fljótavík þar sem gömul íbúðarhús gegna hlutverki sumarhúsa. Þó er hvergi um eiginlegan búskap að ræða enda er óheimilt að beita búpeningi á friðlandinu. Hinsvegar er landeigendum heimilað að stunda hefðbundnar nytjar svo sem eggjatöku (skv. reglugerð um Friðlandið á Hornströndum). Vegasamgöngur eru eingöngu í formi gönguslóða sem eru leifar fornra bæjarleiða. Friðlýsing svæðisins nær einnig yfir villt dýralíf en þarna eru tvö af stærstu fuglabjörgum landsins, Hornbjarg og Hælavíkurbjarg (Arnbjörn Garðarsson 1995). Frá því árið 1994 hefur verið óheimilt að veiða refi innan friðlandsins. Einmitt þess vegna hentar svæðið afar vel til rannsókna á lífsháttum refa í náttúrulegu umhverfi sínu.

Á rannsóknartímabilinu var dvalist í Hlöðuvík á Hornströndum. Bækistöð var sett upp í Búðabæ, húsi sem Hallvarður Guðlaugsson byggði við rústir gamla bæjarhússins að Búðum í Hlöðuvík (sjá kort bls. 1 í viðauka). Hlöðuvík er nokkuð flatlend en upph 3 km<sup>2</sup> hennar liggja undir 50 mys. Umhverfis eru fremur illkleif fjöll á þrjá vegu (Leifur Símonarsson 1979) en víkin ásamt Kjaransvík, opnast beint í norður í átt til sjávar. Kjaransvík er vestan Hlöðuvíkur og stendur fjallið Álfsfell þar á milli. Á fjöllum er lítið um gróður en í víkum er víða mjög gróðursælt, bæði trjákenndar plöntur og jurtir (Áskell Löve 1948). Talsvert myrlendi er í vestanverðri Hlöðuvík en meira mólendi er í Kjaransvík.

### Rannsóknarsvæði og dýr

Til rannsóknanna voru valin tvö samliggjandi greni, annars vegar í Kjaransvík og hins vegar í Hlöðuvík. Miðpunktur rannsóknarsvæðisins er 66,25°N 22,41°W sem er í miðju Álfsfells milli Hlöðuvíkur og Kjaransvíkur, mitt á milli grenjanna tveggja. Grenin virtust sambærileg með tilliti til legu og

fjarlægðar frá sjó. Hinsvegar reyndist þrengra um dýrin á Kjaransvíkurgreninu m.t.t. fjarlægðar í næstu greni. Einnig var strandlengjan sem þau höfðu til umráða tölувert minni en dýranna í Hlöðuvík og því hugsanlegt að munur hafi verið á fæðuframboði á grenjunum tveimur. Á greninu í Kjaransvík voru fjórir yrðlingar, þar af ein læða. Einn af karlkyns yrðlingunum var af hvíta litarafbrigðinu. Á greninu í Hlöðuvík voru sex yrðlingar, þar af ein læða, allir af mórauða litarafbrigðinu. Foreldrar beggja yrðlingahópanna voru af mórauða litarafbrigðinu. Yrðlingar voru eyrnamerkir í upphafi rannsóknar með mislitum plastmerkjum, kyngreindir og vigtaðir. Tafla með litum merkja og þyngd yrðlinga er á bls. 2 í viðauka. Auk þess var aldur yrðlinganna ákvarðaður út frá stærð þeirra, últiti og þroska tanna. Í lok rannsóknartímabilsins voru yrðlingarnir aftur vigtaðir.

Hér eftir er KK ýmist notað um Kjaransvíkurgrenið eða fullorðnu dýrin þar og BB ýmist notað um Hlöðuvíkurgrenið eða fullorðnu dýrin þar.

### Öflun gagna

Fylgst var með refum við grenin tvö á tímabilinu 18.6. - 26.8. 1998 Heildarviðvera áhorfenda á grenjum BB og KK var 401 klst. og 19 mín. þar af voru dýr í sigtinu í 296 klst. Við úrvinnslu er notast við gögn frá 21. júní-16. ágúst, alls 328 ½ klst. í áhorf og tæplega 190 klst. þar sem dýr voru í sigti. Suma daga var ekki hægt að fara á grenin vegna veðurs. Einnig kom það fyrir að ekki náðust gögn meðan setið var við greni. Minnst var um að vera á grenjum ef veðrið var slæmt, þ.e. mikil rigning og rok. Fjarlægð áhorfenda frá greni var á bilinu 10-40m, minnsta í upphafi en jókst með auknum aldri yrðlinganna. Notaður var sjónauki af gerðinni Pentax með stækkun 8 x 42. Fylgst var með einum einstaklingi í einu meðan hann var í augsýn og samskipti hans við önnur dýr skráð, þess á milli var því lýst sem aðrir einstaklingar voru að gera. Öllu atferli var lýst án fyrirfram ákveðinna skilgreininga. Lýsing atferlis var lesin inn á segulbandsspólur. Strax að loknu áhorfi var haldið til Búðabæjar og gögnin skráð í dagbók. Fæða sem foreldrarnir komu með á grenin var skráð og greind til tegunda ef hægt var.

## Óvæntir atburðir

Eftir miðjan júlí urðu foreldrarnir úr Kjaransvík ákaflega spakir og sátu yfir rannsóknarfólki löngum stundum. Foreldrarnir úr Hlöðuvík virtust hinsvegar kippa sér lítið upp við það að fylgst væri með þeim. Vegna þessa er að stórum hluta notast við gögn frá greni BB en einnig er notast við gögn frá greni KK til samanburðar á ýmsum þáttum.

## Úrvinnsla

Viðverutími áhorfenda er talinn frá þeim tíma sem komið var á grenin og lýkur þegar farið er af greni eftir 4 - 8 tíma áhorf. Komið var á grenin seinnihluta dags og um nætur meðan bjart var. Komutími á greni var ekki alltaf skráður en þá telst áhorf hefjast þegar dýr kemur í ljós. Því er viðverutími áhorfenda vanmetinn. Samkvæmt því er tíðni atriða sem miðast við klst. í áhorfi, lítillega ofmetin á stundum. Þegar dýrin létu sjá sig var það tímasett en ekki var alltaf skráð hvenær viðkomandi dýr fóru í hvarf aftur. Að því leyti er tími einstakra dýra í sigti vantalinn þ.e. einungis er skráður sá tími sem sagt er frá að dýr séu í sigti. Tími sem hvert dýr er í sigti er reiknaður saman í klst. Þar sem gögnin byggjast að miklu leyti á því að fylgjast með virkum dýrum, er látið hjá líða að tíðni- eða tímamæla hvíldir hjá dýrunum. Meðan dýrin eru í hvarfi er hugsanlegt að þau séu í hvíld. Hinsvegar eru dýr líka skilgreind “í hvarfi” þegar þau eru ekki í sigti. Ekki er líklegt að dýrin séu alltaf óvirk þegar þau eru ekki í sigti. Sé dýrið hinsvegar sofandi á greninu í augsýn, er það talið með í sigtistíma viðkomandi dýrs.

Yrðlingarnir voru ca 4 (BB) og 4 ½ (KK) vikna í upphafi rannsóknartímabilsins, þeir eldri í Kjaransvík. Samkvæmt því var áætlaður fæðingardagur KK yrðlinganna 18.5.1998 og BB yrðlinganna 22.5.1998. Þessar tvær dagsetningar eru settar sem fyrsti dagur í lífi yrðlingahópanna og aldur þeirra talinn þaðan í frá. Aldursgreiningu gæti skeikað um einhverja daga og hefur það áhrif á tímasetningu atburða sem því nemur. Við úrvinnslu var tíðni spenaatferlis reiknuð og tímabil í lífi yrðlinganna ákvörðuð út frá því en gögnin hefjast á 30. degi í lífi beggja. Tíðnígögnum er skipt í 10 daga tímabil miðað við aldur yrðlinganna. Við úrvinnslu voru valdar atferlisgerðir sem skipt gætu málí við ákvörðun tímabila og mat á virðingarröð. Tíðni atferlisgerða var

reiknuð út frá klst. sem viðkomandi dýr voru í sigtinu. Samskipti yrðlinganna, voru aðgreind úr dagbók og leitað eftir aðdraganda og eftirmála árása. Á þann hátt var útbúið flæðirit sem sýnir viðbrögð þeirra sem fyrir árásinni verða; fjöldi árása sem hver yrðlingur gerir á hvert systkina sinna, var settur upp í fylki. Á sama hátt var einnig talin saman tíðni flótta í kjölfar árása hjá hverjum yrðlingi fyrir sig. Að síðustu var metið hvernig hver og einn yrðlingur svarar þeim árásum sem hann verður fyrir og hvernig honum tekst að halda í fæðu sem aðrir yrðlingar ágirnast. Ofangreind gögn eru tíðnimæld á þremur tímabilum eftir aldri yrðlinganna: 30. - 49. dag, meðan yrðlingar eru enn á spena, 50. – 59. dag, þegar þeir eru að hætta á spena og 60. – 89. dag, eftir að þeir eru hættir á spena. Einungis var notast við greni BB í þessari úrvinnslu.

Magn og gerð fæðu sem foreldrarnir komu með á grenin, auk þeirra fæðuleifa sem lágu á grenjunum, var borin saman. Bæði var athugað hvort kynið kom með meiri fæðu og þá hvenær, einnig hvort munur væri milli grenja hvað varðar tíðni og fæðugerðir.

Beitt var kíkvaðrat tölfraðiprófi til að bera saman fæðugerðir og samskipti (Sokal og Rohlf 1995).

## Lýsing á atferlisgerðum

Við úrvinnslu voru valdar atferlisgerðir sem tengjast samskiptum milli yrðlinga og foreldra. Eftirfarandi eru lýsingar á þeim (unnið með hliðsjón af “ethogrami” frá S. Löfgren (1996)):

**Elta foreldri** = Yfirleitt þegar foreldri komu á gredi, eltu yrðingarnir það um allt, hvort sem foreldrið var með fæðu eða ekki. Einnig er sett í þennan flokk þegar yrðingarnir eru að þvælast í kring um foreldrið meðan það röltir um, að því er virðist í engum sérstökum tilgangi.

**Heilsa foreldri** = Yrðingar sækja eða sleikja upp í kjaftinn á foreldrunum þegar foreldrar koma á gredi. Þeir koma líka stundum að foreldrinu í sama tilgangi þegar þau hafa verið annars staðar á gredinu. Allt slíkt er flokkað sem “Heilsa foreldri”.

**Sjúga / leita að spena** = Þegar yrðingarnir leita undir kvið læðunnar, greinilega til að fá að sjúga, ekki var alltaf hægt að sjá hvort yrðingarnir væru á spena eða ekki.

**Foreldri þífur yrðlinga** = Foreldri beinir athygli sinni að einum yrðlingi, heldur honum gjarnan niðri og sleikir hátt og lágt um allan líkamann. Oft hefjast þrifin á andliti, síðan kvið og þá afturenda. Yrðlingarnir skrækja stundum meðan á þessu stendur og reyna að komast undan með öllum tiltækum ráðum.

**Foreldri glefsar til yrðlinga** = Oft tengt komu foreldris á grenið. Gerist eftir að allir hafa heilsast, þá fer foreldrið gjarnan afsíðis og snyrtir sig eða fær sér blund. Þeir yrðlingar sem ónáða, eru reknir í burtu með glefsi. Þegar foreldri er að fara af greni kemur fyrir að þeir yrðlingar sem elta, séu reknir í burtu með glefsi á sama hátt. Oft nægir að fullorðna dýrið opni kjaftinn á móti yrðlingunum til að þeir flyi.

**Árás** = Einstaklingur stekkur á annan og reynir að bíta hann. Ef viðkomandi gerandi "riðlast" á þolanda, er það einnig flokkað sem árás.

**Flótti** = Þolandi hleypur eða færir sig undan árásaraðila, oft með eyru aftur og skottið niðri. Áður hefur þolandi oft lagst á bakið skrækjandi en komist undan og lagst á flóttu.

**Áflog** = Tveir einstaklingar fljúgast á, yfirleitt í kjölfar árásar af hálfu annars þeirra. Einig verða gjarnan slagsmál í tengslum við eltingaleik. Báðir aðilar taka fullan þátt í áflogennum. Ekki var alltaf hægt að sjá hver var upphafsaðili slagsmála og áflogaseggir jafnlíklegir til að enda leikinn.

**Ýta** = Einstaklingur ýtir öðrum einstaklingi með líkama sínum, oftast afturhluta og þá er skottið gjarnan reist, líklega gert í þeim tilgangi að halda viðkomandi í fjarlægð, t.d. frá fæðu. Einig er sett í þessa flokkun ef einstaklingur notar framfætur til að ýta öðrum einstaklingi niður af einhverju sem þeir standa upp á saman.


**Hlaupaleikur** = Þegar einn eða fleiri einstaklingar hlaupa um í kring um einn eða fleiri, yrðlinga eða fullorðna. Oft taka hinir síðarnefndu að elta þann sem hleypur og er þá hafinn eltingarleikur sem líka er skilgreindur sem hlaupaleikur.

**Klifra** = Yrðlingar klifra á steinum og öðrum misfellum í landslaginu. Hér er "klifra" skilgreint þegar yrðlingur fer upp á eitthvað sem er svipað á hæð eða hærra en hann sjálfur.

**Hoppa / stökkva** = Yrðlingur stekkur jafnfætis á eitthvað, t.d. hræ eða hlut.

## NIÐURSTÖÐUR


Frá upphafi var verulegur munur á stærð KK yrðinganna. Hinsvegar var stærð og þyngd yrðinganna á BB mjög jöfn. Þessi stærðarhlutföll héldust út rannsóknartímabilið (1. mynd).




1. mynd. Þyngd yrðinganna á BB (nöfn hefjast á B) og KK (nöfn hefjast á K) eftir aldri.

## Heimsóknir fullorðinna dýra á greni

Enginn munur var á tíðni þess að læður og steggir komi heim á grenin (2. mynd). Hlutfall heimsókna með fæðu var sambærilegt á milli grenja (3. mynd). Enginn munur var á heimsóknum kynjanna með fæðu yfir sumarið í heild (3. mynd). Hinsvegar komu báðir steggirnir hlutfallslega oftar með fæðu en læðurnar meðan yrðingarnir voru 30-39 daga gamlar, þ.e.a.s. meðan mjólk var enn aðalfæðan ( $\chi^2=11,1553$ ; d.f.=2; P < 0,005).




2. mynd. Heimsóknir foreldra á grenin. Ekki var marktækur munur á milli tíðni þess að læður og steggir kæmu heim á grenin ( $\chi^2=5,35$ ; df=4, fyrir BB og  $\chi^2=2,17$  df=4, fyrir KK).




3. mynd. Hlutfall heimsókna með fæðu var sambærilegt á milli grenja ( $\chi^2=6,46$ ;  $df=4$ , fyrir læður og  $\chi^2=3,07$   $df=4$  fyrir steggi). Enginn munur var á heimsóknum kynjanna með fæðu yfir sumarið í heild ( $\chi^2$ ;  $d.f.=4$ ,  $\chi^2=4,56$  fyrir BB og  $df=4$ ,  $\chi^2=4,90$  fyrir KK). Hinsvegar koma báðir steggirnir með hlutfallslega meiri fæðu en læðurnar á meðan þær eru mjólkandi, þetta á við um bæði grenin.

Enginn marktækur munur reyndist vera á gerð eða magni fæðu sem borin voru heim á grenin tvö (4. og 5. mynd, viðauki bls. 4).



4. mynd. Fæðugerðir sem foreldrar koma með á greni BB.




5. mynd. Fæðugerðir sem foreldrar koma með á greni KK. Engar heimsóknir með fæðu eru á tímabilinu þegar yrölingarnir eru 60-69 daga gamlir.


## Samskipti

Tíminn sem yrðingarnir voru á spena, var sambærilegur á báðum grenjum, þ.e. báðir yrðingahóparnir voru á spena þar til þeir voru 50-59 daga gamlir. Hinsvegar var munur á samskiptum milli yrðinga og foreldra á BB og KK frá og með tímabilinu sem þeir hættu á spena, þ.e. yrðingarnir á KK eltu foreldra sína meira og sníktu meira af þeim en yrðingarnir á BB ( $\chi^2=59,41$ ; d.f.=5  $P<0,001$  á 50.-59. degi og  $\chi^2=13,50$ ; d.f.=4;  $P<0,01$ , á 70.-89. degi).

Þegar yrðingarnir voru vandir af spena (50-59 daga gamlir), fóru þeir að elta foreldrana meira en áður og þá fyrst fóru læðurnar að glefsa til yrðlinganna. Glefstíðni steggjanna breyttist hinsvegar ekki (6. og 7. mynd).




**6. mynd.** Samskipti foreldra við yrðlinga á greni BB. Samskipti við foreldra eru tið meðan yrðingarnir eru enn á spena. Eftir það verða samskiptin með minna móti.




**7. mynd.** Samskipti foreldra við yrðlinga á greni KK. Þar sem engin gögn fengust á degi 60-69 á KK, er því tímabili sleppt við úrvinnslu. Samskipti yrðlinga við foreldra ná hámarki á tímabilinu þegar yrðingarnir eru að hætta á spena.

Áflogatíðni var há á báðum grenjum meðan yrðingarnir voru enn á spena, sérstaklega eftir 40. dag (8. og 9. mynd). Yrðingarnir á BB slögust hinsvegar marktækt meira en yrðingarnir á KK á öllum tímabilum (viðauki bls. 6). Á KK var mest slegist þegar yrðingarnir hættu á spena en á sama tíma lækkaði áflogatíðni lítillega hjá BB. Tíðni slagsmála fer hinsvegar lækkandi á báðum grenjum eftir að yrðingarnir voru hættir á spena.




**8. mynd.** Samskipti meðal yrðinga á greni BB. Áflog meðal yrðinganna eru algeng á öllu rannsóknartímabilinu. Aðeins dregur úr leikjatíðni hjá BB eftir að spena sleppir.



**9. mynd.** Samskipti meðal yrðinga á greni KK. Engir yrðingar sáust á degi 60-69 á KK. Timabilið þegar yrðingarnir eru að hætta á spena virðist hafa grundvallaráhrif á samskipti yrðinganna á KK en þá eru slagsmál og aðrir leikir í hámarki.

Eftir að yrðlingarnir hættu á spena, urðu þeir meira sjálfstæðir og út af fyrir sig en þá var algengast að sjá yrðlinga tvo og tvo saman. Þrír yrðlingar eða fleiri sáust mun sjaldnar saman eftir að spena sleppir (10. mynd).



10. mynd. Hópastærð yrðlinganna á BB eftir aldrí. Munur er á að sjá 1-2 saman og 3 eða fleiri saman, áður og eftir að yrðlingarnir eru 50-59 daga gamlir ( $\chi^2=117,23$ ; d.f.=4).

Flæðirit með árásum yrðlinganna á BB og eftirmálum þeirra auk flæðirits fyrir hvert tímabil er á bls. 7 og 8 í viðauka. Í kjölfarið á árás getur þolandi ýmist flúið, slegist á móti eða sýnt engin viðbrögð. Slagsmál í kjölfar árásar voru algengust meðan yrðlingarnir voru enn á spena (30-39 daga gamlir). Í slíkum tilfllum hætti gerandi oftar slagsmálunum en þolandi. Ef þolandi lagði á flótta, var ólíklegt að árásaraðilinn kæmi á eftir. Ef þolandi sýndi engin viðbrögð við árás, voru miklar líkur á að hann væri láttinn í friði eftir það. Alltaf þegar yrðlingar stálu mat, er þeim veitt mótspryrna. Á tímabilinu sem yrðlingarnir voru að hætta á spena (50.-59. dagur) voru flestar tilraunir gerðar til að ná mat af öðrum. Tilraunin tókst í um helmingi tilfella, helst á 50.-59. degi.

Tafla með svörun yrðlinga á BB við árásum er á bls. 9 í viðauka. Tíðni árása og flótta er að finna á bls. 10 í viðauka. Áflogatíðni er á bls. 11 í viðauka.

Þeir yrðlingar sem urðu fyrir flestum árásum meðan yrðlingarnir voru enn á spena voru Bergur og Birgitta. Rúmlega helmingi árása á þeim tíma svaraði Bergur með slagsmálum en Birgitta með flótta. Á sama tímabili svaraði Bergmann flestum árásum með því að slást (34%) eða með því leiða geranda

hjá sér (34%). Bergmann varð fyrir fæstum árásum fram til loka rannsóknartímabilsins og sýndi sjaldan viðbrögð við þeim. Á tímabilinu þegar yrðlingarnir voru 60-69 daga gamlar, svaraði Bergur yfir 60% árása með flóttu en Birgitta 9%. Þess ber að geta að Bergur réðist mjög oft á aðra yrðlinga fyrstu tvö tímabilin en mun sjaldnar eftir það. Birgitta var hinsvegar með einna lægsta árásartíðni í upphafi sem jókst eftir að þau hættu á spena. Bangsi varð fyrir fleiri árásum en hinir eftir að yrðlingarnir voru hættir á spena. Á fyrsta tímabilinu var algengast að Bangsi svaraði með slagsmálum en eftir það var jafnlíklegt að hann svaraði á annan hátt. Bangsi var helsti árásaraðilinn í systkinahópnum eftir að þau voru hætt á spena. Á öðrum tímabilum skar hann sig ekki úr hvað varðar árásartíðni.

## UMRÆÐA

Yrðlingarnir á KK voru mjög misstórir allt frá upphafi athugunartíma og hélst sá munur allt sumarið. Í fyrstu voru Kjaran og Kúla afar áþekk þótt sjónarmunur væri á stærð þeirra. Á þeim tíma var Kúla stærri en Krítur en Kútur var alltaf áberandi minnstur. Í byrjun ágúst að slasaðist Kúla á fæti og á þeim tíma virtist sem Krítur færi fram úr henni í stærð. Þetta bendir til þess að mismunandi aðgangur að fæðu geti verið tengdur líkamlegum styrk viðkomandi dýrs. Þau gætu sem sagt aukið þyngd sína ef þau hefðu nægilegan aðgang að fæðu. Þar sem Kútur var ávallt minnstur, náði hann samkvæmt þessu hinum aldrei í líkamlegu atgerfi og hafði því minni aðgang að fæðu. Yrðlingarnir hafa hinsvegar tækifæri til að stækka meira á komandi sumri ef þeir fá næga fæðu.

Breytingar urðu á tiðni samskipta eftir aldri yrðlinganna, mest á þeim tíma sem þeir voru að hætta á spena. KK yrðlingarnir léku sér minna saman en BB yrðlingarnir og sníktu meira af foreldrunum á þeim tíma sem þeir voru að hætta á spena. Steggirnir komu hlutfallslega oftar með fæðu á grenin meðan yrðlingarnir voru hvað háðastir móðurmjólkinni. Á þeim tíma sníktu læðurnar gjarnan fæðu af steggnum þegar þau hittust. Þær lögðu aftur eyrun, skræktu og lækkuðu líkamsstöðu sína og sýndu þannig undirgefni. Steggirnir komu því ekki eingöngu með fæðu fyrir yrðlingana heldur einnig fyrir mæður þeirra á þessum tíma.

KK yrðlingarnir eltu foreldrana, heilsuðu og sníktu meira en yrðlingarnir á BB og mætti e.t.v. skýra það með því að þeir hafi haft minni aðgang að fæðu. Stærðarmunur yrðlinganna á KK styður þessa tilgátu þar sem meiri baráttu um fæðu eykur líkurnar á að sá stærsti fái meira en sá minnsti og haldi því áfram að vera stærri. Sé fæða af skornum skammti er minni tími og orka aflögu til leikja. Á BB voru yrðlingarnir mjög jafnir að stærð sem gæti bent til þess að þeir hafi jafnan haft nægan aðgang að fæðu. Þeir léku sér mjög mikið saman og eyddu miklum tíma í slagsmál og eltingaleiki. Engin “alvarleg” slagsmál sáust en þó kom fyrir að skrækir heyrðust og annar hvor yrðlingurinn lagði á flótta.

